

## ÚTLENDINGAR Á ÍSLANDI – VITNISBURDUR ÍSLENDINGA SAGNA

Dariusz A. Sobczynski  
Háskóli Íslands

Tilgangurinn með þessari grein er að kanna þjóðernisvitund íslendinga með hliðsjón af afstöðu þeirra til útlendinga á Íslandi eins og hún birtist í íslendinga sögum. Reynt er að flokka sögur þar sem erlendu mennirnir koma fram eftir stöðu þeirra innan samfélags og hlutverkum sem þeir leika í frásagnunum. Með því er gert kleift að athuga hvernig útlendar persónur eru notaðar í framkvæma verkið er hafður til hliðsjónar – eins langt og hann nær – listi yfir "stock characters" íslendinga sagna saminn af Lars Lönnroth, en sú upptalning er aðallega byggð á kenningum Vladimirs Proppa<sup>1</sup>. Með þessum hætti unnið er að því að finna þematiskar týpur á þak við einstakar frásagnir og um leið athugað hvaða þátt þessar sögur eiga í því að skapa ímynd 10./11. aldar íslendinga fyrir áheyrendur og lesendur sem uppi voru meira en tveimur öldum síðar. Grein þessi er samrin upp úr niðurstöðum MÁ-ritgerðar minnar en hún er afleiðing vandlegs lestrar yfir 120 frásagna um útlendinga á Íslandi sem hægt er að finna í 32 ættarsögum og 12 íslendinga þéttum.

Á tímum landnáms á Íslandi er hugtakið "útlendingur" að öllum líkendum talsvert á reiki. Menn koma til landsins úr ýmsum áttum. Sumir sigla beint frá Noregi, aðrir frá Suðureyjum eða Bretlandseyjum, enn aðrir frá Írlandi. Margir þeirra setjast að, en til eru einnig þeir sem hverfa aftur til heimkynna sinna. Flestir þessara manna eru af norrænum uppruna og tala sama tungumál. Nokkrir eru þó af írskum ættum, megnið af þeim hrælar og leysingjar og þeir kunna sennilega litið eða ekkert á "hinni danskri tungu".

Af frásögnum Landnámabókar og íslendinga sagna má álykta að skiptingin í heimamenn og útlendinga hafi gerst mjög snemma, e.t.v. jafnvel áður en landnámi lauk. Grundvöllur þessarar skiptingar var sennilega afar einfaldur; þeir sem "slæðfestust" í landinu voru landsmenn, þeir sem gerðu það ekki – útlendingar. Þegar tíminn lítur vex úr grasi kynslóð manna sem eru ættaðir frá Íslandi og þó að sumir þeirra koma ekki áratugum saman til Íslands eru þeir samt kallaðir íslendingar<sup>2</sup>.

Þegar farið er að skrifa niður frásagnir um landnám er íslenska þjóðveldið orðið a.m.k. tvöhundruð ára gamait og íslendingar orðnir að fullsteyptri þjóð<sup>3</sup>. Þeir sem rita hinum ýmsu gerðir Landnámabókar endurskapa að sumu leyti uppruna sinn. Þó að safnið sé í upphafi e.t.v. aðeins hlutlaust yfirlit um upprunalegar jarðeignir á Íslandi verður það með tímanum einnig að sönnunargagni sem á að þjóna pólitískum tilgangi. Íslendingar villja sýna

<sup>1</sup> Sbr. Lars Lönnroth. Njáls saga. A Critical Introduction. Berkeley, 1976; 61-68 og V. Propp. Morphology of the Folktale (Morfología de la Cuentacuentos), 79.

<sup>2</sup> Kirsten Hastrup (Defining a Society: The Icelandic Free State Between two Worlds. Scandinavian Studies LVI, 1984; 237-40) telur að íslendingar hafi ekki sameinað sér í sérstaka menningareind fyrir en á 12. öld, þegar lögih voru skráð og til komu tvö merkileg rit: Íslendingabók eftir Ara hinn fróða og Fyrsta málfræðiritgerðin.

<sup>3</sup> Um merkingu hugtaks "þjóð" með tiliti til íslendinga 12. og 13. aldar, sbr. Gunnar Karlsson, Upphaf þjóðar á Íslandi. Saga og Kirkja. Áfmaðslit Magnúsar Már Lárussonar. Reykjavík 1988; 21-32.

umheiminum, þó e.t.v. serstaklega frændum sinum í Noregi, að þeir eru komrir af göfugum ættum. Eftirfarandi vel þekkt orð Landnámbókar eru til vitnis um þetta:

"Það er margra manna mál, að það sé óskyldur fróðleikur að rita landnám. En vár þykjumst heldur svára kunna útlendum mónum, þá er þeir bregða oss því, að vár séum komrir af þrælum eða illmennum, ef vár vitum vist vorar kynntar dir sanner, svo og þeim mónum, er vita vilja forn freði eða rekja ættartölur, að taka heldur að upphaf til en höggvast í mitt mál. Enda eru svo allar vitrar þjóðir, að vita vilja upphaf sínna landstygða eða hversu hvergi ríki hefjast eða kynslöðir." (Isl. Fornr. I; 336)<sup>4</sup>

"Ísland byggðisk af Nordmönnum" er sagt í fyrsta kefla Landnáma-bókar og með því sjálfkrafa ýtt til hliðar öllum þeim sem ekki voru af norsku uppruna<sup>5</sup>. Ástæða fyrir þessu er augljós. Þeir sem komu frá Noregi voru ósjaldan menn af þekktum og auðugum ættum. Hins vegar líklegt þykir að mestur hluti Keilta á Íslandi hafi verið af lægri stéttum og um ættir þeirra var ekkert vitað. Sennilega er við þá átt í klau sunni hér að ofan þegar talað er um þræla og illmenni. Til að tryggja göfugan uppruna hinna norsku landnámsmannanna rekur Landnáma stundum ættir þeirra til norska jarla og konunga, og nokkrum sinnum jafnvel til norraenна stórmenna fornaldar á borð við Ragnar Loðbrók eða Sigurð Fénfisbana. Sama aðferð er einnig notuð á suma vestmann, en þar eru oft fyrir valinu göfugir og tignir menn á Írlandi og Bretlandseyjum - vinsælasti þeirra hinn égæti forfædir Kjarval Írakonungur<sup>6</sup>. Jófnum höndum er önnur aðferð notuð til að göfga hina írsku Íslendinga, en sú er að sýna þá í björtum ljósum kristnunar<sup>7</sup>.

Nær því hver einasta Íslendinga saga inniheldur eina eða fleiri frásagnir þar sem getið er erlendra persóna sem koma til landsins. Í stærstu þeirra, Njálu, getum við auðveldlega fundið 14 slika menn. Fyrsti þeirra er Þjóstólfur suðureyskur, fóstri Hallgerðar. Næst koma Hallvarður hvíti, Skjöldur, Meikólfur, Auðólfur, Pórir og Þorgrímur austmenn Egils Kolssonar, Arnfinnur, Bárður og Ólafur stýrimennir, Kolbeinn Arnjótsson þrænskur maður, Þangbrandur kristnibambi, Eyjólfur nef frá Prándheimi og loksins Kolbeinn svarti Orkneyingur.

<sup>4</sup> Klausan er tekin upp úr Þorðarbók Landnámu (komrin þengd úr Melabæk). Jón Jóhannesson (sbr. Gerðir Landnámbókar; 203-206) og Jakob Benediktsson (sbr. Formáli Landnámbókar, Isl. Fornr. I; CII-CIII) eru bæðir á þeirri skoðun að klausan sé í raun eftirmáli Styrmis úr Styrmisbók. Jakob Benediktsson telur að eftirmálinn sýni fram á það að Landnáma átti að vera varnarrit gegn litilsvírhingu erlendra manna í góðri Íslendinga. Sérstakt tilefni slykkar litilsvírhingar hefju getað verið deilur við Norðmenn bæði í lok 12. alda og á árunum 1217-20, þegar Oddaverjar keppu við þá.

<sup>5</sup> Í fyrsta kefla Landnámbókar eru reyndar allt þrjár klausur sem staðhefs um það að Ísland byggist af Noregi eða af Nordmönnum (sbr. Isl. Fornr. I; 31-32). Íslendingabók virðist talsvert hófsemi legri hvað petta varður því hún segir aðeins að "Iceland byggðist first by Norway (...)". (Isl. Fornr. I; 4, sbr. einnig að í sembandi við dísul papanna er notuð eigin "váru" en ekki "byggðu", Isl. Fornr. I, 5)

<sup>6</sup> Sbr. t.d. frásagnir Landn.: um Erp (138, 142), um Melkorku (143), um Gréiði (176), um Auðun skókul (214), um ætt Þorgerðar Pórisdóttur (239-40), um Áskel hnokkan (367), um Steinröð Melpatreksson (389). Hvad varðar Kjarval sbr. einkum frásagnir Hauksbókar Landn. (H. 175, H. 187, H. 307 og H. 348).

<sup>7</sup> Besta dæmi um það er að sjálfssögðu helgisaga um Asólf alskik (Isl. Fornr. I; 59-65) sem virðist vera samþærileg við frásagn um herlaga Sunnefu í Noregi. Sbr. einnig það sem sagt er í Landn. um Jörund hinn kristna (58). Um kristna menn í Landn. atr. Judith Jesch Some early Christians in Landnámbók. The Sixth International Saga Conference, voi. I. Heisinger 1985; 513-529.

Par sem sumir þeirra mynda hop tengdan einni frásögn er hægt að tala um 11 sjálfstæðar "útlendingasögur".

Ef við lítum náið é þessa erlendu menn Njálu sjáum við strax að hægt er að reða þeim niður í ákveðna flokka eftir því hver er hlutdeild þeirra í atburðarás sögunnar. Þjóstólfur, Skjöldur og Melkólfur eru illmenni af lágum stéttum ættaðir vestan hafs. Halvarður, Arnfinnur, Bárður og Ólafur stýrimennirnir, Kolbeinn Arnljótsson, Ejjólfur og Kolbeinn svarti hafa eitt sameinlegt - skip, sem aðrar sögupersónur burfa á að halda til að komast milli Íslands og annara landa. Auðólfur, Pórir og Þorgrímur verðum við að kella ógæfumenn. Peir taka virkan þátt í deilum á Íslandi og gjalda fyrir það með lífi sínu. Að lokum höfum við Pangbrandr kristnibóða, kraftaverkamann sem með aðstoð Guðs yfirstígur hið illa og á bennan hátt sannfærir Íslendingana um að gefa upp heiðni en taka í staðinn nýja og betri trú.

Lestur á útlendingafrásögnum í Íslendinga sögum leiðir í ljós að þær skiptist greiðlega í fjóra flokka, með tilliti til félagslegrar stóðu og hlutverks hinna erlendu persóna sem bar koma fram. Flokkar þessir eru eftirfarandi:

1. **Frásagnir um eiginkonur frá útlöndum**
2. **Frásagnir um útlendinga af lágum stéttum**
- 2.1. **Vinnumenn og þrælar**
- 2.2. **Útlendingar með óvættareinkenni**
3. **Frásagnir um austmenn**
- 3.1. **"Ferjumenn"**
- 3.2. **Ógæfusamir þáttakendur í deilum og bardögum**
- 3.3. **Gefendur og sendiboðar**
- 3.4. **Austmenn í gamensönum frásögnum**
4. **Frásagnir um trúboða**

Það er að sjálfsgöðu ljóst að í fyrstu tveimur flokkum eru margar persónur sem til Íslands koma til að *staðfestast* þar og af þeim sökum mætti strangt til tekið ekki telja þær til útlendinga. Vítnisburður sagnanna gefur þó í ljós að af ýmsum ástæðum eru persónur þessar ekki enn orðnar að Íslendingum þegar þær koma fram í sögunum. Svo finnst a.m.k sögumönnunum sem telja sig skuldbundna til að geta sérstaklega um erlent þjóðerni þeirra.

1. Við testur Landnámbókar getur naumast farið fram hjá okkur að fjöldi karlmenna í henni er stærri en fjöldi kvenna. Einstæðar landnámskonur eru ekki margar. Flestar kvenna koma í fylgd húsbóna sinna eða feðra. Það virðist þó hins vegar ófáir karlmenn sem til landsins flytja einir. Ef til vill sem staðfestingu af þessu ástandi höfum við í Íslendinga sögum 7 frásagnir um það að íslenskir karlmenn fari til útlanda til að ná sér í konur. Frásögnum þessum að mínum dómi er hægt að skipta í two flokka.

Til fyrra flokks getum við talið sögu um Melkorku í Laxdælu, um Nereiði í Vatnsdælu, um Arneiði í Dronplaugarsona sögu og að nokkru leyti einnig sögu um Dronplaugu í Brandkrossa þætti. Allar fjalle þær um konur sem koma af tignum ættum en eru herteknar og seldar sem ambáttir (í Brandkrossa þætti er það kona sem lífir með tröllum en hefur göfuga móður). Þær flytja til Íslands í fylgd Íslendinga, sem gefa þeim frelsi en um leið gers barnshafandi. Afkvæmi þessara kvenna eru í sögunum einbirni sem verða ætt sinni til sóma og eiga marga afkomendur. Athyglisvert þykir að ofangreindar frásagnir eru í þeim Íslendinga

sögum sem fræðimenn telja til 13 aldar verka og að i morgum tilvikum sækja þær efni sitt til Landnámbókar.

I síðara flokki eru þrjár dálitið óróruvísi frásagnir. Þær eru einnig talsvert yngri því þær eru allar í 14 aldar sögum. Konur sem þar koma fram eru ekki lengur ambáttir af tignum ættum. Þær eru göfugra manna dætur af næum þjóðfélagsstigum. Helga úr Harðar sögu og Hólmverja er dóttir jarls á Gautlandi, Droplaug Björgólfssdóttir úr Fljótsdælu - dóttir jarls á Hjaltlandi og faðir Ragnhildar úr Finnborga sögu ramma er frændi jarls í Noregi. Alveg eins og konur úr hinum fyrri flokki fylgja þessar jarlsdætur húsbændum sínum til Íslands og fæða peim börn. Afkvæmi þeirra verða þó ekki einbirmi heldur bræðrapör. Andstætt konunum úr fyrra flokki léta þessir kvenmenn yfirleitt meira til sin kveða - sumar þeirra myndu jafnvel hæfa hlutverki *Prima Donna* skv. upptalningu Lönnroth. Að sömu leyti verða börn þeirra heldur skammlífari en einkabörnin hinna frelsuðu ambáttu. Helga í Harðar sögu missir annan son sinn en tekur hinn með sér á brott frá Íslandi. Droplaug úr Fljótsdælu myndi sennilega upplifa svipaðan skaða hefði sögumaðurinn kært sig um að ljúka sögunni Ragnhildur verður fyrir enn meiri sorg. Hún missir báða syni sína og deyir stuttu síðar. Sögurnar af hinum síðara flokki bera með sér keim af ævintýri þar sem hetja vinnur ýmsar þrautir og fær fyrir það í laun hönd kóngsdótturinnar og hálfþ konungsríki til viðbótar. Pennan ævintýra- og fornaldarsagnakeim sjáum við sérstaklega vel í sögu um Droplaugu Björgólfssdóttir í Fljótsdælu.

Það er að sjálfssögðu fráleitt að kalla konur úr fyrra flokki útlendingar á Íslandi. Þegar Höskuldur í Laxdælu kaupir fyrir Melkorku bú verður hún sjálfkrafa að íslenskri bónadkonu. Arneiður og Droplaug lifa á Íslandi í mörg ár og hin síðarnefndi eftirlifir jafnvel húsbóna sinn. Aðeins framtíð Nereiðar eins og í ræn fortíð hennar liggur fyrir okkur huln þoku.

Allt öðru mál gagnir um kvenmenn úr síðara flokki. Þær festa ekki rætur á Íslandi og annaðhvort hverfa aftur til heimkynna sinna eins og Helga (og sennilega Droplaug) eða deyja úr sorg eins og Ragnhildur.

EKKI tel ég unnt að ékveða með nokkurri vissu hvort einhver örsaka- eða áhrifstengsl sé milli tveggja ofangreindra flokka. Sögurnar úr fyrra flokki eru eldri og virðast nota að nokkrum leyti efni Landnámbókar. Hinar sögurnar eru skáldlegri og yngri og af því finnst mér öruggast að leita uppruna þeirra í fornaldar- og riddarabókmenntum. Prátt fyrir það að framkvæmd þeirra hefði verið undir áhrifum fornaldarbókmennta gat samt hugmyndin á bak við átt rætur sinar að rekja til frasagnanna Landnámu og útvíkkun þeirra í ninum eldri Íslendinga sögum.

2. Einn af fjölmennari hópum Íslendinga sagna eru menn af lægstu stættum, þjóðfélagsins, griðkonur, húskarlar, leysingjar og göngumenn. Hlutverk þessara persóna eru mismunandi, stundum vara þær vinnuveitanda sína við yfirvofandi hættu, stundum eru aðeins vitni atburðanna eða bera séguasagnir eða meðganir milli þeja. Oft verða þrælar eða vinnuhjú einnig að flugumannum nenn senda þá til andstæðinga sinna til að vega þá eða valda þeim skaða. Sögumenn eru miskunnarlausir gagnvert þessum mónum. Þeir verða sicut eimennilega kyrrnir í sögumum, frá settingjum þeirra er ekki sagt, stundum vitum við ekki aðru sinni hvæð þeir halta. Sumir þeirra verða taknir af lífi aðrir hverfa einfeldilega eftir að sögumábur berf ekki lengur að þerm að halda. Oftaст

nær er það að sjálfsgögðu fráleitt að leita að hví hvort tiltekkinn húskarl eða griðkona séu fædd á Íslandi eða nýkomin þangað frá útlöndum. Einstökum sinnum þó telur sögumaðurinn sig skuldbundinn til að veita okkur upplýsingar um erlend þjóðerni þeirra.

2.1. Lágstéttarpersónur sem merktar eru með þeim hætti mynda í sögunum lítinn (alls u.p.b. 10 frásagnir) en þó afar fjölbreyttan hóp. Sjaldan er þetta fólk sem lætur eitthvað gott af sér leiða og lendir því oft í hlutverki liðsmanns þorpara (*"The Villain's Helper"*) skv. upptalningu Lönnroth og Propp. Til algerrar undantekningar verðum við að telja frásögn Egils sögu um Ira, hinn útlenda leysingja Porsteins Egilssonar sem hleypur langan veg til að vara Porstein við fyrirsát Steinars Sjónarssonar. Þessi saga um hinn góða þjón er þó í Eglu "jöfnuð" með útvíkkun á Landnámabókarfrásögn um írsku þrælana Ketils gufu. Þrælar íslendinga sagna virðast nær því undantekningarlaust látnir leika hlutverk illmenna. Peir sem sögumenn láta bera ákveðið þjóðerni (3 frásagnir) eru allir írskir. Sex þrælar Ketils gufu valda rénum, drápum og brennu, Gilli þræll Posteins Síðu-Hallssonar vegur eiganda sinn og Melkólfur þræll Hallgerðar í Njálu er sendur af henni til að fremja þjófnað. Melkólfur er reyndar hið þriðja erlenda illmenni sem Njála tengir beint eða óbeint Hallgerði. Af þeim sem kome á undan er fyrstur Pjóstólfur suðureyskur fóstri Hallgerðar. Manni þessum lýsir sögumaðurinn sem *"engum skapbæti"* ungu konunner og með því gefur í ljós að hann hafi bein neikvæð áhrif á uppeldi hennar. Síðari útlendingurinn, Skjöldur, *"sænskur meður og illur viðureignar"* (105), stendur í óbeinu sambandi við Hallgerði. Skjöldur kemur til Íslands í fylgd Sigmundar, frænda Gunnars á Hliðarenda og þar sem hann er talinn *"enginn skapbætir"* Sigmundar gerir hann Hallgerði kleift til að nota þá báða til að vega á svívirðilegan hátt Pórð á Þorólfsselli og hefna sín pannig á Bergþóru.

Það er í raun og veru fráleitt að reyna að finna eitthvert ákveðið mynstur í frásögnum um hina útlensku lágstéttarmenn sem til eru í sögunum. Það mætti miklu frekar tala um tilhneigingu þeirra til að hópast þematiskt í ákveðnum sögum. Þannig höfum við í Eglu tvær sem sýna vonda og góða þjóna og í Njálu þrjár um illmenni í návist Hallgerðar. Auk þessara tveggja má benda eflaust á tvo norska vinnumenn Grettu. Annar þeirra er saudamaður hjá Pórhalli á Pórhallsstöðum og verður fyrsta fórnarlamb Gláms hins sánska sem veldur reimleikum þar á þeimum. Hinn aftur á móti er sendur sem flugumaður út í Drangey til að klífa upp á eyjuna og drepa Grettli en kemur upp um sig og hleypur fyrir bjarg<sup>8</sup>. Afsteða sögumanns Grettu til hinna norsku vinnumanna virðist dálitið sérstök því hún einkennist af hlutleysi. Persónur þessar hafa ekki þá sterka illmenna eiginleika sem eru dæmigerð fyrir lágstéttarmenn af öðrum uppruna. Þær eru þó samt engar hetjur og koma til sögunnar aðallega til að deyja.

2.2. Ástæða fyrir tilvist sumra útlendinga í sögunum er ekki aðeins illská þeirra heldur fyrst og fremst það yfirnátturulega sem þær bera með sér. Í langflestu tilfellum eru þessar persónur lágstéttarillmenni komin frá

<sup>8</sup> Þessar tvær symetriskar frásagnir um útlendinga sem deyja í viðureign við hina sterku utangerðsmenn endurspeglar hvor aðra og styrkja um leið kenningu fræðimanna um óvættareinkenni Grettis undir lok ævi hans (sbr. einkum R.N. Coffin, "Beowulf" and its Relationship to Norse and Finno-Ugric Beliefs. Diss. Boston Univ. Boston 1962; 72-74 og Richard L. Harris, The Deaths of Grettir og Grendel: A New Parallel. Scripta Islandica 24 (1973); 40).

Huduragjum og Guðbjörð en vendrathjá sem tilgjöt þeim gata verið af jönum toga. Stundum eru þó reimleikar, stundum galdur og fornleikja. Þó að menn eins og Pjóstólfur í Njál og Kottrell i Laxdælu sér tilh og af lágrí stétt bera frásagnir um þær eðre þjóðsagnanna um viðureignir við óvætti. Samanborið við sagur um vinnumenn og præla sem bera ekki þennan yfirmatturdiegan til eru "Óvættaságurnar" talsvert stærri í sniðum, persónur þeirra mikilvægarí og áhrif þeirra á arðurðarésina og lesendur mun meiri. Útlendingarnir sem bera einkenni óvættar eru - andstætt öðrum lagstættarillmennum - oftar í hlutverkum sjálfra þorpara (*"The Vikings"*) en höfumna þeirra.

Þat virðist augljóst í sögunum að Ísland að 10. öld hafði heft talsverðan fjölda af sinum eigin éfreskjum sem samkvæmt frásögn Bárðar sögu Snæfellsáss nöfdu komið til landsins á svipuðum tima og fyrstu landnásmennirnir. Sagur um þessar verur og um afturgöngur Íslendinga finnum við viða í Íslendinga sögum. Útlendar óvættir hins vegar, alveg eins og útlendingar aímennt, tilhegra fyrst og fremst ferðalögum Íslendinga út í stóran heim. Heimsóknir erlendra manna með óvættaelkenndi mynda frakar takmarkaðan hóp innan Íslendinga sagna. Í honum höfum við þrjár sagur um galdrumenn (Pjóstólfur í Njál, Kotkell og fjölskylda hans í Laxdælu og trémaður Porgardur í Þorleifs þætti jarlskálds), þrjár um reimleika (Glámur í Grettlu, Hrapur í Laxdælu og Fróðárundur í Eyrbyggju) og tvær um berserki (Haukar í Vatnsdælu, Halli og Leiknir í Eyrbyggju og Heiðarvíga sögu). Persónur þessar hafa þó sameiginlegt einkenni að vera tvöfaldir utangarðsmann; annars vegar standa þær utan við íslenskt samfélag sam Útlendingar, hins vegar utan við mannlegt samfélag sem óvættir.

Saga um Fróðárundur<sup>9</sup> og saga um berserkina í Vatnsdælu gerast bæðar á arnum; í kringum kristnituðu á Íslandi og hafa kannski af þeim sökum sterkan helgisagnablað. Erlendu óvættirnir eru sýndir í þeim sem fulltrúar hins helðna heims og biða bess vegna lægni hiut í baráttu við mátt kristninnar. Fulltrúi hins neidna heims er einnig Glámur í Grettlu, bó hér eins og í sögu um berserki Vermundar fáum við svallitið öðruvísi þema. Í báðum frásagnunum syndgar íslenskur bondi með dræmi og tákur sér í bjónustu Útlendinga sem verða honum ofstýri og valda vandræðum á þeir hans. Sögumenn beggja frásagnanna reyna að telja okkur trú um að astæða þess sô böndinn getur skikt ræðt við vinnumerktina sé skortur að hæfileikum hans til forstu og stjórnunar.

Sameiginlegt einkenni allra sagnanna um óvætti er svipuð endaleik þeirra. Æfreskjur verður sô drexa eða rekja á brott og hvarf beirra tengist ávalit augmyndinni um Íslendingasun. Eins og við sjóum í sögunum svipuðum örðögum meða sínig "Vættir" frá Íslendum.

**3. Hinrik Traunverulegin** Ótlendingar Íslendinga sagne eru án efa austmenn. Þessir eru líf kaupmenn sem koma til Íslands til að skipta við landsmennina mynda í sögunum eftir fjölmennan flotk. Frásagnir þær sem þeir teki patti í eru með 100 þannig að við getum búið við uppl. bremur austermannesugum "Hinrik Traunverulegin" sögu.

<sup>9</sup> Það er óvinnandi að ekki finna Pjóstólfur í sögum um Fróðárundur. Þóttur regnkskriftin segur að þessi mið verði reiknaði að Pjóstólfur sé óvættur leifarinnar meðstund að ófari um henni við óvættar. Þó er óvinnandi að ekki finna Pjóstólfur í sögum um Fróðárundur. Þóttur regnkskriftin segur að þessi mið verði reiknaði að Pjóstólfur sé óvættur leifarinnar meðstund að ófari um henni við óvættar.

Það er skýrt aðgreint í sögunum hverjir þeirra sem á skipum sínum ferðast milli landa eru Íslendingar og hverjir þeirra Norðmenn. Um landsmennina sem fara með vörur sínar til útlanda nota sögumenn nær alltaf orðið "farmenn". Peir aftur á móti sem í sömu erindum koma frá Noregi eru yfirleitt kallaðir "kaupmenn". Sennilegt þykir að orðið "austmaður" sé jafngamalt fyrstu landnámsmönnum vestan hafs og gæti það þá verið tákni um vilja þeirra til að skilja sig frá norrænum mönnum sem hafa búsetu á meginlandinu. Með öðrum orðum getur orðið "austmaður" verið fyrsta merki um það að samfélögin vestan hafs eru farin að lokast.<sup>10</sup>

Prátt fyrir það að sögurnar um austmenn einkennast af mikilli fjölbreytni er óviða hægt að finna langar frásagnir um þessa menn. Í samanburði við aðrar útlanders eru austmenn sjaldnar eðalpersónur í frásögnum þar sem þeir koma fram. Hlutfallslega jafnvæl sjaldnar heldur en þrælar og vinnumenn af erlendum uppruna.

Athugun á frásögnunum þar sem austmenn koma fyrir leiðir í ljós að hægt sé að aðgreina 4 mismunandi hlutverk sem þessir menn leika í Íslendinga sögum.

3.1. Þegar ungur íslenskur höfðingja- eða bónðasonur vill komast til útlanda kaupir hann sér oftast far með skipi sem hefur komið til Íslands undanfarið ár og er á leiðinni til Noregs. Ef hann er ríkur keupir hann sér helming af skipi og stundum jafnvæl heilt skip. Sá sem hann á viðskipti við er norskur stýrimeður sem hefur haft veturnsetu á Íslandi og er núlega búinn að selja sínar vörur. Frásagnir þar sem slíkrar stýrimenn koma fram geta verið afar stuttar. Stundum rúmast þær jafnvæl í einni eða tveimur setningum og segja aðeins það nauðsynlegasta. Ef sögumaðurinn kýs hins vegar að gera úr slíkri frétt heilsteypta frásögn heyrum við í framhaldi ferðasögu þar sem Íslendingurinn leikur aðalhlutverkið en austmaðurinn annaðhvort hverfur á brott eða verður að skugga hans, aðstoðarmanni og vitni um frægðarverk hans (Propp/Lönnroth: *"The Comrade-at-Arms"*).

Einstökum sinnum fáum við enn lengri frásögn þar sem kaupmaðurinn lendir í vandræðum á Íslandi eða hefur erfitt með að fá veturnistina þar. Í Víga-Glúms sögu býður ungur Íslendingur heim norskum stýrimanni prátt fyrir óvild föður síns í garð austmannanna. Stýrimeðurinn reynist báðum Íslendingunum vel, gefur föður fallega gjöf en veitir syni hans far til Noregs. Þegar til Noregs er komið lendir hinna íslenski bónðasonur í sömu vandræðum og austmaðurinn á Íslandi þar sem bróðir kaupmannsins er lítið hrifinn af Íslendingum. Bróðirinn skiptir þó fljótlega um skoðun því ungi maðurinn sýnir hugreki og fremur afrek.

Hugsunarmynstur á bak við þessa frásögn er alveg ljóst; Norðmenn gera gagn á Íslandi með því að flytja vörur inn til landsins og vegna skipa sem landsmenn nota til utanlandsferða. Íslendingar aftur á móti verða vinsælir í Noregi út af karlmennsku sinni og stórverkum sem þeir framkvæma þar. Fyrir margar ungar hetjur Íslendinga sagna er utanlandsferðin eins konar prófraun eða vígsla (*"initiation"*). Sumar þeirra takast hana í hendur til að sanna göfugt

<sup>10</sup> Gunnar Karlsson (op. cit.; 29) telur að orðið "austmaður" sé merki um veika þjóðarhugmynd; fólk er aðgreint með áttatáknunum en ekki þjóðarheitum. Í rannsóknum Kirsten Hastrup á Grágásarlögum (op. cit.; 237-40) kemur skýrt fram að Íslendingar á þjóðveldisöld hafa aðgreint sig frá vörum þjóðum á þremur mismunandi stigum: 1. sem Norðurlandabúa gagnvart þeim sem töluðu ekki danska tungu, 2. sem menn af norskum uppruna gagnvart mönnum frá Danmörku og Svíþjóð, 3. sem Íslendingar gagnvart Norðmönnum.

settarmi sitt, sýðar til að fá frægð og frama, enn sýðar til að auðgjöt. Af þeim ekum virðist eðlilegt að ungmanni segnanna eru jákvæd í garð norska eyrirímannna þar sem þeir opna fyrir sauði leið út í stóran heim. Eildri kynsíði íslendinga virðist hins vegar ails ekki svo hrifin af þessum heimsóknnum, e.t.v. hvorki á 10, ne á 13 öld. Við getum giskað á nvers vegna það er. Menn kunna að vera á varðbergi gagnvart norskum höfðingjum og óttast yfirlang þeirra á Íslandi í gegnum útsendara sinna. Þeir geta verið tortryggir vegna "Vikingaeðlis" mægra Norðmanna. Loks gata þeir vantreyst kunnáttu austmanna á íslenskum aðstæðum og búist við óviliðandi vandræðum af þeirra hálfu. Eini kosturinn sem þeir sjá í austmónnum er varningur þeirra.

Austmenn sem flytja íslenska menn utan gegna vissulega jákvæðu hlutverki þrett fyrir sína smæð sem sagnapersónur. Sama er ekki hægt að segja um þá fæleinu norsku "ferjumannina" sem hjálpa íslendingum til að komast aftur út. Ferðin heim er oft í sögum um leið ferð á vit órlaganna. Hallvarður í Njálu fer með Gunnar á fund Hallgerðar. Jökull í Fóstbræðra sögu og þrænskir menn í Fljótsdælu flytja íslenskar hetjur á fund dauðans. Norrænn maður í Kjalnestinga sögu veitir far ógæfumanni sem á eftir að vega sinn eigin fóður. Norðmenn sem koma fram í öllum þessum frásögnum bera með sér keim af ógæfusóum órlagavöldum, þó að áhrif þeirra séu lítil og skaði gerður óviliðandi.

**3.2. Margar frásagnir íslendinga sagna nefna erlenda menn sem taka þátt í deilum og bardögum á Íslandi. Nær því allir þessara manna eru austmenn sem koma til landsins til að selja vörur sínar en blandast *nolens volans* í deilum og átök við íslendinga. Austmennirnir eru sjáðan sjálfstæðir aðilar í desíum sem þeir taka þátt í. Oftast verða þeir eingöngu að hjálparmönnum íslensku gestgjafanna sinna og dragast inn í átökum með þeim. Niðurstaðan er í flestum tilvikum þeirra eigin dauði. Áður en þeir hniga að velli valda þeir þó stundum óbeðtanlegum skaða í röðum þeirra sem nafa samuð sögumannsins og áheyrenda.**

Hópur þessara manna er í íslendinga sögum eins fjölmennur og fjölbreyttur og flokkur ferjumanna. Margir þeirra eru algerar aukapersónur sem koma fram í stuttum klausum og hverfa jafnfljótt og þær eru búnar að ljúka sínu hlutverki. Aðrir eru áhrifameiri einkum vegna ógæfu sem þeir valda og þá myndi vera hægt að flakka undir persónutípu sem Propp og Lönnroth kalla órlagavöldi (*The Agency of Fate*). Fæðir þeirra koma jafnvel í risum sagnanna.

Frásagnir um útlenda þátttakendur í deilum á Íslandi breytast nær aldrei í frásagnir um ferjumenn. Andstætt framkomu íslendinganna í Noregi er austmónnum á Íslandi sjáðan ígst sem afreksmönnum. Gerðum þeirra fygir einari ógæfa og þott þeir séu ekki lílumenni tala þeir sártill að sér leide aðallega – að því sem virðist – vegna vankunnáttu sinner á íslenskum aðstæðum. Staða þeirra í deilunum virðist oft svipa til hlutverks Haðar hins blinda í norrænu göðsögjum um Baldur. Beðskapur á það við frásagnirnar um austmenn sem deilubatttakendur þykir augljós. Kaupmenn enga að ferðast að taka þátt í málum sem verða samfélög að Íslandi og regna ekki að verða að klúta þessar samfélög. Þeir enga að ljúga landslognum og hverfa að brott heim til sín um heild og þeir eru búin að genga frá viðskiptumum á Íslandi. Ef þeir teijia eng skuldbundna til að endurhgjáða gestgjafar aðnum veturvalstina ættu þeir að trýða honum gjáfir aðeða utanlandsfæð.

**3.3. Hlutverk sunnar austmanna – enqum innstaklast í hlutverkum aðeða sunnar austmanna sem sín tilgreindir eru miðaðið með Íslandi og Íslandi. Ef um**

hlutkennda sendingu er að ræða höfum við á ferðinni gefandann (Propp: "The Router"), í síðari tilfelli getum við aftur á móti talað um sendiböðann (Propp og Lönnroth: "The Messenger"). Þar sem upphaflegur tilgangur austmannanna er að seiða sínar vörur getum við búist við því að í langflestum tilvikum finnum við í Íslendinga sögum kaupmenn sem skilja eftir á Íslandi ákevðna hluti. Sumir bessara hluta eru gefnir sem gjafir, aðrir seldir og enn aðrir teknir frá eigendumnum gegn vilja þeirra. Yfirleitt valda gjafir austmannanna ekki neinum vandræðum. Það sem er aftur á móti tekið frá þeim ber með sér bölvun og óhamingju, stundum í langan tíma. Sviðaða sögu segja má reyndar einnig um það óþreifanlega sem austmenn skilja eftir sér á Íslandi. Í Bjarnar sögu Hítðelakappa og Þorsteins sögu hvíta eru það fálskar fréttir, í Ljósþvætinga sögu ákæra um gallaða vörum, en í Gunnlaugs sögu ormstungu túlkun á vegamíklum draumi. Þrjár frásagnir Íslendinga sagna fjalla um austmenn sem taka með sér eitthvað frá Íslandi. Í Finnborga sögu er það systir titilpersónunnar og í Odds þætti Ófeigssonar stóðhross sem eru gefin í laun fyrir liðveislu. Einkennilegasta þeirra er þó frásögn Flóamanna sögu þar sem við sjáum, að því sem virðist, eina dæmi bess að austmaðurinn fær frá manni á Íslandi sverð í gjöf.

**3.4. Féeinar frásagnir Íslendinga sagna sem innihalda persónur austmanna hafa að því sem virðist eins konar gamansaman eða jafnvel skoplegan undirtón. Frásagnir bessar (5 að tölu) eru í raun útúrdúr í sögum sem þær eru í og í flestum tilvikum skipta litlu eða engu málí fyrir atburðarásir þeirra. Austmennirnir sem þar koma fram hæfa vel hlutverkunum sem þeir leika. Í þremur sögum höfum við á ferðinni menn sem kunna ekki á íslenskar aðstæður og eru af þeim sökum gerðir af sögumönnunum að athlægi áheyrenda. Í Droplaugarsona sögu tekst Porkatli á Krossavík að plata norska kaupmenn um örnefni þar í sveitinni ("Tjaldsteinn") og með þeim hætti bjarga hann Grími Droplaugarsyni sem er þá útlægur og í felum nálagt bæ hans. Bandamanna saga inniheldur frásögn um austmenn á Porgeirsfirði sem bíða í allt sumar eftir hagstæðum vindu á meðan Íslendingurinn sem kann betur á siglingatækni við strönd heimalandss síns fer utan og út aftur. Loks finnum við í Bárðar sögu Snæfellsáss gamansaman atburð þar sem austmaður á Íslandi endar með brotinn handlegg þegar hann reynir að koma upp í sæng hjá Helgu Bárðardóttur en veit ekki að konan er dóttir risa og af þeim sökum karlgild að afli<sup>11</sup>. Eins og við getum dæmt af sögunum hér að ofan virðist vankunnætta austmannanna á íslenskum ástæðum gera þá að nokkrum leyti líka þeim löndum þeirra sem óviturlega blandast í deilur á Íslandi. Ólikt þeim þó verða menn þessir hvorki dreppnir né alvarlega særðir heldur fyrst og fremst gerðir að athlægi áheyrenda og vitnum um snilld og dugnað Íslendinga.**

**4. Kristniböðarnir** tveir Friðrik og Pangbrandur eru að því sem virðist hinir einu útlendingar á Íslandi sem kalla mætti með réttu afreksmenn í sögunum. Um Friðrik höfum við áhrifamikla frásögn undir lok Vatnsdælu en Pangbrandur leikur aðalhlutverkið í fyrri hluta Kristnippáttar Njálu. Ljóst bykir

<sup>11</sup> Tveir aðrar frásagnir eru ekki eins dæmigerðar. Á öðrum stað í Droplaugarsona sögu er austmaðurinn þáttakandi í atburði sem fer Grím Droplaugarson til að hlæja í fyrsta skipti eftir víg bróður síns. Í Heiðarvíga sögu aftur á móti eini austmaðurinn sem við finnum er tilbúningur, hugarburður sögupersónu sem segist eftir aðverði annars manna og skáldar upp sögu um norskan kaupmann sem hefi skorad á sig til hölmögöngu.

Þessar þessar i Þingum eru ófárrar og ófállum tuga eða til hæðar þessar  
þentinnar, Þingtrú og Þingstjórið en meiri trúarinnar og ófátt eru þeim en eo  
ejtum með örðum og gjörðum yfirburðin kristniðar gytur heðan. Frasagnir um  
þessar meiri hafa a sér til stýrilegðu mikinn neigisagniðlæ og inniheld  
lættar náðgur bar sem Guð sýnir mátt sind og megin í beratíu. Ófátt illu  
stýrileg. Því Gott dæmi um ólíker fármeyrar eru en ekki velkomiliken frasagnir um  
þouregunnar Pangbrands og Friðrikus við berserk. Þomságunum er þat gýrilett  
at verkk íslenskra kappu að sigra vikinga og berserk í ferðalögum sínum í  
ulðnum Ástöðum mernar íslendingarnar í þessum sigrum eru norekrum styrkmenn  
og gestgjafar þeirra. Her hófum við nitt gagnstæða; erindir knætticodar og  
fulltruað Guðs yfirsíga á íslandi erinda heldingja og fulltrua djófuleg. Þeir sem  
ekkoda þá í því eru himin íslenskir fylgismenn þeirra og gestgjafar. Andstætt  
afrekum íslendinganna bera sigrar Pangbrands og Friðrike ekki vitni um  
stórmennsku þeirra sjálfrar heldur fyrst og fremst um mátt trúarinnar. Þeir  
heyya nina "mantikelsku" bardaga um sáhir landsmennanna og sigrar í þeim nánast  
aingöngu vegna þess að Guð veitir þeim líðveislu.

Islendinga ságur geta varla talist hlutlausar hvað varðar hiutverki sem  
útlendingar eru lathir leika í þeim. Að minnum domi einkenmst þær regndar af  
eins konar þjóðerniþuggju sem eft likindum nefur rætur sínar annars vegar í  
andspyrnu íslendinga gegn neikvæðum ummælum kvöldmannar<sup>12</sup> og nins vegar í  
mennlegum viðbréggum hyvers samfélags gagnvart öllu sem það telur vera  
stærðar.

Þegar landsmann ferðast til Ítalanda er ekkert sagt um það að þeir hafa  
hvorki gott vopn ne klæði. Þess í stað fáum við oft sögu um mann sem fer til  
Noregs og kys það eft bera ekki myrk að sig því hann vill komast til metrarð með  
daðum sinum einum. Útlendingur á Íslandi verður oftast að hálfgerðum húskarli  
og um afrek hans er ekkert sagt. Taki nann báti í bardaga annaðvori deyr nann  
sjálfur eða drepur einhvern sem nann mátti að ekki drepa. Oft er austmaður  
lættinn skjóta sojótt eða ör í röð andstæðinga sínum. Spjótið á lofti minnir  
anagrendur á upphaf vikingaorrstu á sjónum þar sem litlu máli ekki kvefn  
andstæðinganna það hæfir. Á Íslandi er þessu ördruvleið háttar. Ástæður í  
hérstæðum eru flíkrið og ekki þykic gott að drepa suma móttökumennina.  
Sagur meiri sýna efti útlendinga sem verkfæri í hónum hins illa. Þunni  
þeirra eru það af sunni eigin tilísku, aðrir sökum vligahugar ("vikingaeðingi") enn  
aðrir eru fólkaleiga vegna vanrúnnattu sínum á íslenskum ástæðum.

Fyrirmynd útlendingarins samkvæmt sögum er meður sem segir um  
ísländslogum en regnir ekki að verða að hlata íslenska samfélagsins ófállum  
áig við að vera utangarðsmenn<sup>13</sup>. Hann fáttur til að sér þær og slerðar a  
í dallundamanna. Hann er ósláttur og setur virðum sínum a sem og jöfum verðið.  
Þessi fámit honum að gata íslenskum gestgjafanum góðan gjós og ófátt sín  
herri fari til Noregs. Útlendingur getur aldrar órinn að setja sín ófáttin  
hlíðanum til sese eru næredar til að misheccanet því henni vorstiði að kringa í  
íslensku samfélagi. Þjóðar ókortir ófáttarleidningi Noreg - eftir ófátt  
leikr að óstæður sem hvil-ófállaleiga og ófátt angjan. Það segja sem lýgt

Skyldi hann vilja einhverjar leiðbenirgar félagi hans - austmaður sem veitti honum far - er alltaf reiðbúinn til að hjáipa. Að vera íslendingur virðist í sögunum þýða að vera "meira" en Norðmaður. Landnámabók og íslendinga sögur Útskýra óbeint hvernig stendur á því. Sögumennir reyna að sannfæra áheyrendur að margir íslendingar sér komnir af bestu norrænum og keltneskum ættum. Frásagnir um eiginkonur frá útlöndum hafa í þessu stóra hlutdeild. Auk þess undir niðri gefið er í skyn að með landnámi og stofnun ríkis á Íslandi hafa norskir innflytjendur þróað í sér einhverja nýja eiginleika sem fólk á meginlandinu skorti.

Þegar menn flytja til annars lands eru aðallega tvær leiðir fyrir hendi til að búa sér til "heima": annars vegar tileinka sér innflytjendur "byggingarefnin" úr samfélagi sem þeir eru komnir í, hins vegar flytja þeir "efni" með sér úr gamla samfélaginu. Sennilega hafa íslenskir landhármenn nytt sér mest hina síðari leið þar sem þeir lendu á Íslandi í menningarlegu tómarumi. Auk þess þó beittu þeir í ríku mæli eigin sköpunargáfum því aðstæður á eyjunni, bæði félagslegar og landfræðilegar, voru að mörgu leyti örðruvísir en í Noregi. Útkoman var þjóðfélag sem hafði flest einkenni Noregs en að auki nokkra nýja eiginleika<sup>13</sup>. Ófarir austmanna á Íslandi stafa líklega af því að þeir skilja ekki allt í samfélagi þar en samt halda að það hljóti að vera líkt því norska.

Hvort þróun sem ég nefni hér að ofan hafi raunverulega átt sér stað skiptir ekki höfuðmáli. Petta er a.m.k. það sem sögumenn flestra íslendinga sagna vilja að áheyrendur þeirra trúi. Að vera íslendingur af góðum ættum merkir í þeirra túlkun að standa flestum útlendingum framar.

---

<sup>13</sup> Hugmyndirnar hér að ofan sprottnar eru upp úr grein Daviðs Erlingssonar, Útlegð og sögur íslendinga; Títraun til þekkingar (óprintuð). "Heima" kallar Davið "það þekkingarsvæði sem menn eru nákunnugir með skilningarárvitum sínum".